

Búrfell og Búrfellsgjá

I.

Margir athyglisverðir staðir eru í nágrenni höfuðborgarinnar, sem almenningi eru ekki kunnir, nema að litlu leyti. Einn þessar astaða er Búrfell og gjáin sem við það er kennd.

Búrfell er í austur frá Hafnarfirði. Það er eldgígur, sem talið er að hafi gosið fyrir um það bil 7200 árum og í því gosi rann það hraun, sem nú þekur nágrenni Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

Frá gígnum hefur hraunið runnið eftir mjórri rás til vesturs og heitir þessi hrauntröð Búrfellsgjá. Gjáin er eitt mesta náttúruundur hér í nágrenni Reykjavíkur og þess verð að eytt sé dagstund tilað skoða hana.

Ef þú leggur leið þína þangað, er farið fram hjá Vífilsstöðum, gegnum hliðið á Heiðmerkurgirðingunni og inn með Vífilsstaðahlíð að sunnanverðu, milli hennar og Urriðavatnsbrauns, en svo heitir hraunið frá Búrfelli á þessum kafla. Við austurendann á Vífilsstaðahlíðinni beygir vegurinn til norðurs um svonefnda Hjalla, en þá leið ferð þú ekki, heldur yfirgefur bílinn við bugðuna á veginum og gengur í áttina að gjánni, með stefnu á Búrfell, sem er beint framundan. Leiðin liggur ofan í Búrfellsgjá, sem nú blasir við augum. Vestast er gjáin grunn og víð. Í þeim enda hennar er gömul fjárrétt, er nefnist Gjárrétt (Gjárrétt öðru nafni). Hér var um langan aldur skilarétt nálægra byggða og hingað var fénu smalað á haustin af nærliggjandi afréttum til sundurdráttar. Þessi viðburður í lífi fólksins fyrrum var oftast með miklum hátíðarbrag. Ungu fólkið safnaðist saman við réttina kvöldið fyrir, sumir gættu fjárens, sem komið hafði af fjöllum daginn áður, en aðrir vöktu og skemmtu sér. Var stundum slegið upp dansleik og seldar veitingar á svonefndum Garðaflötum sem eru skammt frá réttinni.

Réttin er skoðunarverð og eins nátthaginn, sem er fyrir sunnan hana. Einnig er athyglisvert að skoða vatnsbólið. Í norðvesturjaðri gjárinnar þar sem hún er grynnt rís lítill hamraveggur móti suðri eða suðvestri. Hann er 3-4 m hár og 10-15 m langur. Grjót og gróður gengur að berginu, en nyrst við þennan hamravegg er lítið op og þar fyrir neðan hellir. Í botni hans er vatnsbólið. Nokkrar tröppur þarf að fara að vatninu. Þarna eru mikil þrengsli og því þarf að fara að öllu með gát. Eftir að hafa skoðað vatnsbólið, réttina og önnur mannvirki skalt þú ganga upp eftir gjánni og upp á Búrfellið. Þetta er ekki löng ganga, en hún býður upp á margt skemmtilegt að skoða, vegg gjárinnar, sem eru fægðir eftir eldána, sem þar rann forðum daga, gjáarbotninn, gróðurinn og gígana sjálfa, svo eitthvað sé nefnt.

Af Búrfellinu er ekki sérsaklega víðsýnt en útsýnið er skemmtilegt og svíkur ekki.

Réttin er nú friðlýst af þjóðminjaverði, en Búrfell og gjáin eru á náttúruminjaskrá og má því engu spilla á þessu svæði.

(Mbl. 5. júlí 1979)

II

(Í kvöld miðvikudagskvöld 17. maí verður fimmta gönguferð Ferðafélags Íslands í tilefni Náttúruverndarárs Evrópu farin um Búrfellsgjá, að Búrfelli og þaðan að Kaldárseli)

Búrfell er um 7 km austnorðaustur af Hafnarfirði. Þetta er forn hraungígur, sem lætur ekki mikið yfir sér í landslaginu. Fyrir um 7200 árum urðu þar mikil eldsumbrot. Hraunið frá gígnum rann allt til sjávar og þekur nú svæðið milli Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Stór hluti Hafnarfjarðarkaupstaðar stendur á þessu hrauni. Einu nafni nefnist það Búrfellshraun, en ýmsir hlutar þess bera sérstök nöfn s.s. Gálgahraun, Hafnarfjarðarhraun, Urriðakotshraun o.fl. Meginhraunstraumurinn rann frá gígnum eftir einni langri rás, sem nefnist Búrfellsgjá og er röskir 3 km á lengd. Selgjá, öðru nafni Norðurhellagjá, tekur við af Búrfellsgjá og er í Urriðakotshrauni sunnan Vífilsstaðahlíðar.

Í Náttúruminjaskrá Náttúruverndarráðs segir að “Búrfell og hrauntröðin Búrfellsgjá og Selgjá ásamt 200 m breiðri spildu beggja vegna gjánna” séu á skrá yfir friðlýst svæði vegna þess að hér sé “eldstöð frá nútíma” og “ein sérstæðasta hrauntröð landsins”. Þetta friðlýsta svæði er nú innan marka Fólksvangs á Reykjanesi.

Í fyrirhugaðri gönguferð verður farið úr bílnum við enda Búrfellsgjár og gengið eftir henni endilangri upp á Búrfell, þar sem gígurinn er. Vesturendi gjárinnar er flatur í botninn og allbreiður. Þar er Gjárarrétt, fyrrum skilarétt bændanna við Hafnarfjörð og á Álftanesi. Nú standa hálfhrundir réttarveggirnir eftir. Þeir segja sína sögu þótt sauðkindin sé horfin af sviðinu. Margt forvitnilegt má sjá þar s.s. vatnsbólið sem er erfitt að finna.

Þessari gönguferð lýkur við Kaldársel, sem er vestanvert við Helgafell. Leiðin þangað frá Búrfelli er auðgengin, yfir slétt hraun að fara og hallar frekar undan fæti. Ef tími er nægur er lítil krókur að skreppa að Valahnúkum sem eru milli Búrfells og Helgafells. Þar er hellir sem hét áður Músarhellir en nú Valaból. Um 1940 fengu Farfluglar hellinn til umráða. Gerðu þeir hann íveruhæfan, settu á hann hurðir og dvöldu þar oft í útilegum. Þar hafa þeir gróðursett tré og prýðir fagur trjálundur nú þennan stað. Skammt frá húsinu í Kaldárseli eru lítil vötn, sem heita Kaldárbotnar. Þangað sækja Hafnfirðingar neysluvatn sitt. Kaldá fellur þaðan en hverfur í hraunið rétt fyrir vestan húsið. Mun hún vera ein stysta á landsins. Þjóðsagan segir að fyrrum hafi Kaldá verið stórt og vatnsmikið fljót, en eftir að bræður tveir drukknuðu í því hafi faðir þeirra, sem var rammgöldróttur, kveðið hana niður í hraunið.

Nú er Kaldársel í eyði en þar er starfrækt barnaheimili á sumrin á vegum KFUM og K. Þegar Gjárarrétt var aflögð var byggð ný rétt við Kaldársel. Stendur hún enn, en mun nú hafa lokið hlutverki sínu.

Þar lýkur þessari gönguferð.

(Mbl. 17. maí 1995)